

Stjórnarfundur TSÍ 14.08.08 mættir:

Mættir: Jónas, Ingólfur, Carola, Rakel, Skjöldur, Gunnar og Jón Axel

Ingólfur ræddi nýliðið Íslandsmót og einkum framkvæmd þess og kostnað. Þeir Jón Axel, Ingólfur og Eiríkur stjórnuðu mótinu og þótti takast vel til. Illa leit út með þáttöku á tímabili en svo fór að fleiri tóku þátt en í fyrra eða 67 manns. Mikil vinna fór í framkvæmd mótsins, einkum var hlutur Jóns Axels mjög lofsverður þótt ekki sé á hina hallað. Caróla benti á að mótsstilkynningin hefði borist óþarflega seint og getum við lært af því.

Ingólfur sýndi fundarmönnum reikninga tengda mótinu og var ekki annað að sjá en að allt væri eðlilegt. Voru reikningarnir samþykktir af fundarmönnum og ekki gerð athugasemd. Hagnaður af mótinu var um 50.000 kr.- þótt ekki væru öll kurl komin til grafar. Menn ræddu það að Raj hafi fengið um 120.000 kr,- fyrir að halda Íslandsmót og í raun væri ekki ástæða til þess að þeir sem haldi mótið fái minna fyrir vinnuna en hann fékk (Skjöldur). Umræður fóru fram um þetta og varð að niðurstöðu að mótsstjóri greiði fyrir bolta og medalíur en annað greiði TSÍ. Hins vegar munu mótsstjórnendur gera skýrslu um framkvæmd mótsins sem læra megi af og nota við framkvæmd næstu Íslandsmóta.

Ekki er búið að klára samning við Raj og eftir er að vinna drög að verkefnalýsingu. Skilgreina þarf nákvæmlega í hverju starfið eigi að felast. Skjöldur lagði áherslu á að væntanlegur framkvæmdastjóri geri ekki "allt" eða að honum verði falin öll verkefni. Það drepi niður sjálfboðastarf o.p.h. Voru menn sammála þessu.

Ingólfur sýndi 2 reikninga frá Raj, annars vegar fyrir búningum á Davis Cup og hins vegar fyrir boltum sem notaðir voru á ágætu móti sem Raj hélt. Samþykkt var að fá Raj til að ger grein fyrir þessum reikningum. Einnig varð umræða um hvað gert er við bolta að loknum mótm. Lagði Caróla áherslu á að sanngirni sé gætt á milli tennis íþróttafélaga ef hugmyndin era ð dreyfa boltunum. Hvað Íslandsmótið varðar seldi Jónas boltana til mótsstjóra á afar góðum kjörum og verða þeir notaðir í Tennishöllinni í framhaldinu.

Næsti fundur verður haldið 21. ágúst kl. 12.00

Gunnar Þór Finnbjörnsson ekki ritari TSÍ